

SJÓVÁ

Sími: 436 1617 & 893 5445
Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

772. tbl - 17. árg.

12. janúar 2017



Jólin kvödd í roki og rigningu

Jólin voru kvödd með hefðbundnum hætti í Snæfellsbæ á Þrettándanum. Lionsklúbbarnir í Ólafsvík stóðu fyrir göngu frá Pakkhúsinu í Ólafsvík að brennunni sem staðsett var rétt fyrir innan félagsheimilið Klif. Gengið var í fylgd álfadrottingar, álfakóns og álfameyja. Einnig var Grýla mætt ásamt púkum. Þegar búið var að kveikja í brennunni voru jólin sungin og sprengd út með flugeldasýningu Lionsklúbbanna. Veðrið hafði talsverð áhrif á hátíðahöld því að um það leyti sem kveikt var í brennunni gerði rok og rigningu, það gerði framkvæmd flugeldasýningarinnar erfiðari og tafði nokkuð för barna sem gengu í hús.

Þegar hátíðarhöldunum var lokið fóru alls kyns grímuklæddar verur að sjást á kreiki um bæinn.



Verurnar bönkuðu upp á og báðu húsráðendur um gott í gogginn áður en þær legðu af stað til fjalla enda jólnum að ljúka. þa

Úrslit í futsal




Úrslitaleikur meistaraflokks karla í Futsal fór fram í Laugarðalshöll á síðasta sunnudag. Þar áttust við Selfoss og Víkingur frá Ólafsvík. Fyrir leikinn átti Víkingur möguleika á því að vinna titilinn þriðja árið í röð. Svo varð þó ekki en Selfoss vann sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil í Futsal og endaði leikurinn 3 – 2. Víkingur komst tvisvar sinnum yfir í hörkuleik þó úrslitin hafi

ekki verið þeim í vil í lok leiks. Árangur Víkinga er þó mjög góður en þeir hafa spilað til úrslita í Futsal sex sinnum á síðustu sjö árum, þrisvar orðið í öðru sæti og þrisvar orðið Íslandsmeistarar.

Næsta verkefni hjá strákunum er Fótþolti.net mótið, þar eiga þeir leik við Grindavík á næstkomandi laugardag í Reykjaneshöllinni.

þa



DECEMBER 30th 2016

NÆSTU SÝNINGAR

13. JAN - 20:00 - UPPSELT

14. JAN - 20:00 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
AUKASÝNINGAR

20. JAN - 20:00 - ÖRFÁ SÆTI LAUS

21. JAN - 20:00 - UPPSELT

Miðasala á www.thefreezerhostel.com

Björn kveður Vegagerðina

Björn Jónsson lét af störfum sem rekstrarstjóri hjá Vegagerðinni nú um áramótin eftir 31 árs farsælt starf sem héraðsstjóri og svo rekstrarstjóri. Var af því tilefni boðið til veislu til að þakka honum fyrir störf sín og kveðja. Björn hefur unnið hjá eða fyrir Vegagerðina stóran hluta starfsæfningar. Hann er fæddur á Múla í Djúpavogshreppi þann 27. desember 1946 þar sem hann stundaði almenn sveitastörf í uppveixinum. Hann fór þó snemma að vinna hjá Vegagerðinni og hóf störf þar sem sumarstarfsmaður árið 1961 þá 14 ára gamall. Vann hann fyrst í vegavinnuflokkunum hjá Jónasi Jónassyni. Árin 1968 til 1971 starfaði hann sem mjólkurbílstjóri hjá KBF á Djúpavogi. Árið 1971 keypti hann sér svo vörubíl og gekk í vörubílstjórafélagið á Djúpavogi, ári seinna keypti hann svo jarðýtu. Bílinn og ýtuna

var hann svo mikið með í vinnu hjá Vegagerðinni, sérstaklega á veturna við snjómokstur. Björn og fjölskylda hann fluttu haustið 1980 á Hvolsvöll en þann vetur var hann með ýtuna í vinnu upp í Hrauneyjum en sumarið eftir hóf hann störf sem verkstjóri hjá Vegagerðinni á Hvolsvelli og vann þar allt þar til hann flutti hingað vestur á Snæfellsnes árið 1986. Hefur Vegagerðin því notið starfskrafta Björns meirihlutan af starfsævi hans í hinum ýmsu störfum. Eins og gefur að skilja hafa samstarfs- og undirmenn Björns verið margir í gegnum tíðina, þeirra lengst þó sonur hans Guðjón og Guðþór Sverrisson sem hafa verið viðloðandi Vegagerðina síðan árið 1989 ásamt þeim Þorgils, Jóni á Grund og Sigurjóni Hilmarsyni. Við þjónustunni tók Guðjón af föður sínum þann 1. desember 2016. *þa*



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Bifreiðaverkstæði Ægis

Þarf að yfirfara bílinn gera við hann eða bara smyrja.
Logar viðvörðunarljós í mælaborði.
Komdu þá til okkar og við gerum það sem þarf.

- Allar almennar bílaviðgerðir
- Getum lesið út úr tölvukerfum flestra bíltegunda
- Erum með þjónustu fyrir öll umboð og allar gerðir bíla.

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ
Opnunartími: 8-12 og 13-17 Sími: 436-6677 Netfang: bifreid@mi.is



Sími: 430 3700
www.fmis.is

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.

Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Skógræktarfélag Ólafsvíkur

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Skógræktarfélags Ólafsvíkur verður haldinn
í Áttthagastofu við Kirkjutún
miðvikudaginn 25. janúar kl. 20.

Fundarefni:
Venjuleg aðalfundarstörf.

Félagar mætið vel, nýir félagar velkomnir.

Stjórn Skógræktarfélags Ólafsvíkur.



- Almennar bílaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Dekkjaskipti og viðgerðir
- Rúðuskipti
- Stjórnu viðgerðir á framrúðu
- Tölvulestur

S: 438-6933 - kbbilav@simnet.is - Sólvellir 5 - Grundarfjörður
Opnunartími 8-12 og 13-17 - Verið velkomin

Sjöundi Grænfáninn í Lýsuhólsskóla

Grunnskóli Snæfellsbæjar, Lýsuhólsskóli tók á móti sínum sjöunda Grænfána þann 20. desember 2016. Caitlin Wilson, verkefnastjóri Grænfána verkefnisins, afhenti nýjan fána. Afhendingin fór fram á litlu jólmum skólans og þá voru einnig haldnir jólatónleikar nemenda tónlistarskólans.

Til grundvallar þessari sjöundu Grænfána veitingu lágu þættirnir lýðheilsa, úrgangur og áttahagar.

Hér kemur yfirlit yfir helstu verkefni sem unnin voru í tengslum við þættina:

Lýðheilsa

Nemendur tóku þátt í Norræna skólalaupinu 2015 og Sri Chimnoy friðarlaufinu. Nemendur yngstu deildar tóku þemaverkefni tengt svefni og hollu mataræði og gerðu meðal annars svefnrannsókn yfir heila viku. Einnig veltu þeir fyrir sér hvaða matur er hollur og í hvernig hlutföllum fæðuflokkarnir eiga að vera á diskunum.

Vinna við skólagarðinn var endurvakin en garðurinn hefur legið í dvala í nokkur ár undirlagður af krossfílli sem yfirtekur flest sem reynt er að rækta. Leitað var til nærsamfélagsins um að aðstoða og vinna við þetta verkefni. Allir sem höfðu tök á því að vera með komu og unnu saman. Ákveðið var að sá höfrum í garðinn til jarðvegsbóta og uppskeru en sauðfé tók forskot á sæluna og gæddi sér á höfrum um skólabyrjun þannig að ekki þurfti að sinna uppskerunni frekar. Í ágúst er spínati og káli sáð í gróðurhúsinu, það vex ágætlega og er nýtt í mótuneytinu langt fram eftir hausti.

Nemendur unnu verkefni tengd matarsóun. Nemendur á yngsta stigi voru skráðir í keppnina Baráttan gegn matarsóun hjá Nordeniskolen. org var ætlunin að þeir vigtuðu matarleifar frá sínu borði í eina viku í janúar. Verkefnið vatt strax

upp á sig og ákveðið var að allir, jafnt nemendur sem starfsfólk, myndu vinna saman. Markmiðið með því var að fá nemendur til að fá sér mátulega á diskinn, en þeir skammta sér sjálfir, því alltaf er hægt að nýta afgangana ef einhverjir eru. Eftir vikuna var ákveðið að halda áfram að vigta matarleifar og því var haldið áfram fram að skólaslitum.

Úrgangur/rusl

Hvers konar rusl finnum við í fjörunni? Hvernig komst það þangað? Af hverju er mikilvægt að takmarka það rusl sem fer frá okkur? Ákveðið svæði í fjöru fyrir neðan skólann var rannsakað og kom það öllum á óvart hversu mikið af ruslinu hafði ekki beina tengingu við sjávarútveg t.d. veiðafæri. Meðal þess sem fannst voru barnaleikföng, tanngómur og fjölmargir sígarettukveikjarar og nemendur veltu fyrir sér hvernig þeir hlutir hefðu komist í sjóinn eða fjöruna. Einnig fólst rannsóknin í því að afla upplýsinga um hversu langan tíma það tæki ruslið að eyðast upp í náttúrunni. Sýning var sett upp þar sem niðurstöður voru settar fram með myndrænum hætti og hefur hún vakið mikla athygli.

Nemendur tóku síðan þátt í rannsókn á vegum Umhverfisstofnunar. Rannsóknin felst í því að ákveðið strandsvæði í Staðarsveit er rannsakað með reglulegu millibili, rusl tínt og flokkað af mikilli nákvæmni. Nemendur aðstoðuðu sérfræðing Umhverfisstofnunar við verkið.

Áttahagar

Stærsta verkefnið í þessum flokki var að nemendur Grunnskóla Snæfellsbæjar, Lýsuhólsskóla, ásamt Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, unnu að og opnuðu þann 2. júní 2016 sýningu í Salthúsinu á Malarrífi. Sýningin var unnin veturinn 2015-2016 að beiðni þáverandi



þjóðgarðsvarðar, Guðbjargar Gunnarsdóttur. Guðbjörg óskaði eftir því að fá inn í Salthúsið verkefni sem höfðuðu til barna og væru unnin af börnum.

Í Salthúsinu gefur nú meðal annars að líta myndir af Lóndröngum með túlkun á því hvað þeir eru eða gætu verið, upplýsingar unnar úr viðtali við síðustu bændur og vitaverði á Malarrífi um búsetu og lífið þar. Upplýsingunum er komið fyrir á flettspjöldum og spjöldum í saltfisklíki. Kynjamyndir og tröll fá

að njóta sín, leikföng barna í gamla daga eru til sýnis og hægt er að spila minnisþil og teikna myndir til að skilja eftir á töflu. Löögð var áhersla á endurvinnslu og endurnýtingu við gerð sýningarinnar. Sýningin er enn á Malarrífi og stendur ótrúlega vel af sér gestagang og veðráttu.

En nú er komið að því að velja viðfangsefni og setja ný markmið í Grænfána verkefni svo hægt verði að flagga nýjum fána að tveimur árum liðnum. re



**VÉLSMIÐJA
GRUNÐARFJARÐAR**

- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Fjárfest í öfluggu kælikerfi

Nú í haust hafa staðið yfir talsverðar framkvæmdir í slægingar- og flokkunarstöð Fiskmarkaðs Íslands í Rífi, þó ber helst að nefna kælikerfi sem ætlað er að halda hráefni kældu í móttöku eða við bestu mögulegar aðstæður fyrir og eftir meðferð. Kælikerfið var keypt af Frostmark ehf., hafa þeir víðtæka reynslu og þekkingu á uppsetningu og þjónustu við kæli- og frystikerfi bæði innanlands og utan. Uppsett kælikerfi er gríðarlega öflugt og stefnt er á að stýra kerfinu með þeim hætt að það sé keyrt á



fullum afköstum þegar hráefni er í salnum, sem dæmi um hve öflugt kerfið er þá má nefna að aðeins tekur um 15 mínútur að ná hitastigi í kælinum úr 15°C í

4°C og um 1 klst tekur að lækka hita úr 4°C í 0,5°.

„Það er ábyrgðarhlutur hjá Fiskmörkuðunum að þróa starfsemi sína í þá átt að skila af

sér sem bestu hráefni“ segir Aron Baldursson framkvæmdastjóri Fiskmarkaðs Íslands.



20 - 70% afsláttur



DIDRIKSONS1913
Grundsund SWEDEN

DEVOLD



Opið alla virka daga kl. 08 - 18

Opið á laugardögum kl. 10 - 14



www.olis.is

www.rekstarland.is

Ólafsbraut 55, Ólafsvík
Sími: 436 1212

Valhöll fasteignasala kynnir:



Hellisbraut 18a á Hellissandi.

Húsið er byggt úr timbri 1935 og er alls 91,1fm samkv þjóðskrá. Íbúðin skiptist í rúmgóða forstofu, hol, þrjú herbergi, samliggjandi eldhús og stofu, baðherbergi með sturtu og þvottahús. Á herbergjum, stofu, eldhúsi og holi er parket en á forstofu, þvottahúsi og baði eru flísar á gólf. Húsið var tekið í gegn að innan árið 2010 eftir bruna. Eldhús innrétting, innihurðir, neysluvatns og raflögn er frá þessum tíma og húsið lítur vel út að innan. Þá eru allir gluggar utan þriggja frá þessum tíma. Endurbóta er þörf á bárujárnsklæðningu á norðurhlíð. Steyptur pallur er við framhlíð hússins sem og trégrindverk.

Húsið er á mjög góðum stað alveg á sjávarbakkanum ofan við forna lendingarvörð á Hellissandi. Mikið og gott útsýni er frá húsinu bæði út á sjóinn og til Jökulsins. Húsið gæti einnig nýst sem sumarhús.

Verð kr. 15,2 millj.

Upplýsingar gefur Ingólfur Gissurarson löggiltur fasteignasali
á Valhöll sími 588 4477 og sýningu annast
Pétur Steinar Jóhannsson gsm 893 4718 og rafpóstur psj@simnet.is.



Ingólfur G. Gissurarson, löggiltur fasteignasali,
Síðumúli 27, 108 Reykjavík, sími: 588 4477

Sjá upplýsingar
um eignir í Snæfellsbæ
á valholl.is undir söluskrá

Verkfall nýtt í námskeið



Símenntunarmiðstöð Vesturlands í samvinnu við Fisktækniskóla Íslands stendur fyrir námskeiðum í Grundarfirði. Námskeiðin eru sérstaklega sniðin að þörfum fiskvinnslufyrirtækja og starfsfólki þess, en kennt er samkvæmt námskrá sem er gefin er út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og viðurkennd af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Kennararnir koma frá Fisktækniskólanum og frá/af Snæfellsnesi. Auk þess komu nokkrir tulkar að verkefninu.

Fyrsta námskeiðið hófst fimmtudaginn 5. janúar, en starfsmenn G. Run sitja það námskeið, eða um 40 talsins. Hvert námskeið er kennt í 6 daga frá 8:00-16:00. Námskeið fyrir starfsfólk Fisk Seafood hófst mánudaginn 9. janúar og námskeið fyrir starfsfólk Soffanías Cecilsson byrjar fimmtudaginn 12. janúar.

Á námskeiðinu er m.a. farið yfir helstu þætti í fiskvinnslu. Það er gleðiefni að fiskvinnslufyrirtæki nýti tímann til uppbyggingar og frekari fræðslu, sem mun nýtast bæði þeim og starfsfólki.

bmó



FISKIDJANBYLGJA HF